

Föstudaginn 7. maí 1993.

Nr. 367/1992. **Ólafur Finnur Böðvarsson**

gegn

Önnu Margréti Sigurðardóttur.

Frávísun frá Hæstarétti

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1992. Áfrýjað er dómi aukadómþings Kjósarsýslu, sem upp var kveðinn 16. júní 1992. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1992, og fékk áfrýjandi þá frest til mars 1993. Málinu var síðan að hans ósk frestað til 3. maí sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til reglulegs þingdags 2. júní nk. til framlagningar dómsgerða, ágríps og greinargerðar.

Af hálfu stefndu hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómi Reykjaness hefur áfrýjandi ekki óskað eftir dómsgerðum í málinu.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ólafur Finnur Böðvarsson, greiði stefndu, Önnu Margréti Sigurðardóttur, 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.